

# Læknar í tímabundin störf í Noregi og Svíþjóð

MIKIL EFTIRSPURN er nú sem áður eftir íslenskum læknum til starfa hjá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum í Noregi og Svíþjóð. Um er að ræða stöður hvort sem er til langframa eða tímabundið, þó að lágmarki fjórar vikur í senn. Í boði eru afar góð kjör og áhugavert starfsumhverfi. Sérstök áhersla er lögð á ráðningar sérfræðimenntaðra lækna, en mikill skortur er til dæmis á geðlæknum og röntgenlæknum.

Einnig er skortur á hjúkrunarfræðingum og sérfræðingum af heilbrigðisviði fyrir stórt sjúkrahús sem staðsett er í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Viðkomandi munu fá starfsleyfi/græna kortið með aðstoð vinnuveitenda. Laun og hlunnindi eru mjög góð. Stjórn sjúkrahússins leggur áherslu á fagmennsku, metnað til árangurs, hópvinnu og fjölskylduvæna starfsmannastefnu.

Leiðandi lyfjaverslunarkeðja í Noregi óskar eftir að ráða íslenska lyfjafræðinga til starfa sem fyrst. Í boði eru áhugaverð störf hjá traustu og öflugum fyrirtæki sem leggur áherslu á starfsmetnað, símenntun og góð laun fyrir verðugt framtak starfsmanna. Um er að ræða störf í Bergen, Stavanger og víðar í Noregi. Fyrirtækið mun greiða ferðakost-

að vegna viðtala og aðstoða við að útvega húsnæði.

STRÁ MRI ehf. í samstarfi við MRI SCANDINAVIA annast milligöngu með þessar ráðningar.

MRI WORLDWIDE, sem er stærsta ráðningastofa heims, varð til í apríl 1999 við sameiningu MRI (Management Recruiters International) og bresku ráðningastofunnar Humania International. MRI var stofnað í Ohio í Bandaríkjunum árið 1957 og er því jafnframt elsta ráðningarþjónusta í heimi.

MRI WORLDWIDE sinnir einkum ráðningum stjórnenda og sérhæfðs starfsfólks með áherslu á að leita uppi rétta starfsmanninn hvar sem er í heiminum, án tillits til landamæra.

MRI SCANDINAVIA, „Norðræna netið“ var stofnað í maí 1999. Það hefur þegar náð umtalsverðum árangri við að útvega norrænum sjúkrahúsum lykilstarfsmenn frá Bandaríkjunum og Evrópu og bandarískum sjúkrahúsum lykilstarfsmenn frá Norðurlöndunum.

Sigurður Örn Hallgrímsson ráðgjafi gefur nánari upplýsingar, sími 588 3031, [sigurdur@stra.is](mailto:sigurdur@stra.is)

Frá skrifstofu  
Læknafélags Íslands

## Hver er hver og hver er hvar?

Læknafélagi Íslands hefur borist bréf frá framkvæmdastjóra samninga- nefndar HTR þar sem fram kemur að nefndinni berist ýmis erindi frá læknum varðandi samningamál. Oft og tíðum sé aðeins nafn viðkomandi læknis ritað undir erindið og þess ekki getið hvar eða hvernig hægt sé að ná í viðkomandi lækni til baka.

Er þess óskað við Læknafélag Íslands að það komi því á framfæri við lækna að þeir gefi upp pósthafang, símanúmer og helst netfang þegar þeir senda erindi til nefndarinnar til að tryggja skilvirka afgreiðslu mála.

Hér með er ósk samninganefndar HTR komið á framfæri.

Þá er rétt að geta þess að ítrekað berast skrifstofunni fyrirspurnir vegna undirskrifta á læknaþréf og rannsóknar- arbeiðni þar sem eingöngu er að finna nafn viðkomandi en engar frekari upplýsingar, svo sem um vinnustað og fleira.

**Gunnar Ármannsson hdl.**  
framkvæmdastjóri LÍ

## Námskeið Endurmenntunar HÍ Breytt viðhorf til lýðheilsu

Lýðheilsa snýr að félagslegum og heilsufarslegum þáttum. Hún miðar að því að bæta heilbrigði, lengja líf og auka lífsgæði þjóða og hópa með almennri heilsuvernd, heilsuefningu, sjúkdómavörnum og annarri heilbrigðisþjónustu. Lýðheilsa byggir á samstarfi margra fræðigreina, svo sem heilbrigðisfræði, félagsfræði, líffræði, faraldursfræði, sálfræði, kynjafræði og stjórn- málafræði.

Ýmsar breytingar eru á döfinni hér á landi og á alþjóðavettvangi hvað varðar framtíðarsýn og skipulag lýðheilsamála. Lýðheilsa þarf að vera hluti af almennri umræðu um þjóðfélagsmál og sem flestar hliðar hennar ræddar á þeim vettvangi. Sem dæmi má nefna félagslegar, stjórnmalalegar, efnahagslegar og menningarlegar hliðar lýðheilsu.

Á námskeiðinu verður leitast við að varpa ljósi á mikilvægi þessarar nálgunar til að ná árangri á sviði lýðheilsu. Hluti af

námskeiðinu er opinn morgunverðarfundur þar sem stefnu- mótun á sviði lýðheilsu verður rædd út frá innlendu og erlendu sjónarhorni.

Aðalfyrirlesarinn, Dr. Finn Kamper-Jørgensen, er læknir og hefur auk þess menntun á sviði heilsuhagfræði og lýðheilsu. Hann hefur verið forstjóri dönsku Lýðheilsustofnunarinnar í meira en 20 ár.

Aðrir fyrirlesarar eru Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórn mála- og stjórnsýslufræða HÍ og Þorvaldur Gylfason doktor í hagfræði, rannsóknarprófessor við HÍ.

Námskeiðið fer að mestu leyti fram á ensku. Tími: Mánudagur 28. apríl kl. 9.00-16.00 og þriðjudagur 29. apríl kl. 8.30-10.00.

Skráning og upplýsingar: S: 525-4444, [endurmenntun@hi.is](mailto:endurmenntun@hi.is)  
[www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is)